

Miðvikudaginn 25. október 1989.

Nr. 415/1989. **Ákærvaldið**

gegn

Sigmundi Heiðari Arnasyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal og Bjarni K. Bjarnason.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála, skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 23. október 1989, að ætla verður, í því skyni, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi.

Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar úrskurðarins.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 22. október 1989.

Ár 1989, sunnudaginn 22. október, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Júlíusi B. Georgssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur krafist þess, að Sigmundi Heiðari Arnasyni, kt. 01.10.58-3299, til lögheimilis að Stillholti 11, Akranesi, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til nk. fimmtudags 26. þ.m. kl. 16.00.

RLR vinnur nú að rannsókn á innbrotspjófnaði, sem framinn var föstudaginn 20. þ.m. í verslunina Gulleyjuna, Ingólfsstræti 2, hér í borg. Stolið var allmiklu af skartgripum, sem einkanlega voru í sýningarglugga versunarinnar.

Við frumrannsókn málsins hefur grunur fallið á kærða um beina aðild hans að innbrotspjófnaði þessum. Hafa sjónarvottar greint frá því, að innbrotspjófarnir hafi verið tveir og ekið brott af vettvangi í bifreiðinni R 65427.

Eigandi téðrar bifreiðar hefur greint RLR frá því, að hann hafi lánað kærða og öðrum manni bifreiðina sl. fimmtudagskvöld. Hafi þeir síðan

skýrt sér frá því, að þeir hafi farið á henni á innbrotssstað. Í bifreiðinni fannst gullhringur, sem víst þykir, að stolið hafi verið úr framangreindri verslun. Hefur fyrrnefndur eigandi bifreiðarinnar R 65427 skýrt RLR frá því, að kærði og félagi hans hafi gefið sér hringinn fyrir afnot bifreiðarinnar sem og að þegja yfir þjófnaðinum.

Við yfirheyrslur hefur kærði borið við minnisleysi um ferðir sínar og gerðir aðfaranótt sl. föstudags sökum lyfjaneyslu.

Með vísan til framanritaðs þykir kærði vera undir rökstuddum grun um aðild að nefndum innbrotspjófandi. Kann hann með því hafa gerst brotlegur við 244. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Þegar þess er gætt, að rannsókn máls þessa er á frumstigi, og með skírskotun til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 þykir rétt að taka kröfu RLR um gæsluvarðhald yfir kærða til greina, eins og hún er fram sett.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Sigmundur Heiðar Árnason, sæti gæsluvarðhaldi allt til fimmtudags 26. október nk. kl. 16.00.
